



Stefnumótun íslenskrar  
nautakjötsframleiðslu  
Landssamband kúabænda  
2018-2028





## Stefnumótun í nautakjötsframleiðslu 2018-2028

Aðalfundur Landssambands kúabænda samþykkti í mars 2017 tillögu um að ráðast í stefnumótun í nautakjötsframleiðslu á Íslandi til næstu 10 ára. Ný stefnumótun í nautakjötsframleiðslu leysir af hólmi stefnumótun samtakanna fyrir tímabilið 2011-2021 sem samþykkt var á aðalfundi LK árið 2011. Síðan sú stefnumótun var samþykkt hafa orðið miklar breytingar í starfsumhverfi kúabænda og því eðlilegt að endurskoða stefnumótunina í samræmi við það.

Stjórn LK setti á fót vinnuhóp um nýja stefnumótun á haustmánuðum 2017. Í honum áttu sæti:

- Bessi Freyr Vésteinsson, bóndi á Hofstaðaseli
- Herdís Magna Gunnarsdóttir, bóndi á Egilsstöðum
- Elvar Eyvindsson, bóndi á Skíðbakka
- Örn Karlsson, bóndi á Sandhóli
- Viðar Hákonarson, bóndi á Árbót
- Ólafur Ágústsson, matreiðslumaður
- Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska og formaður landssamtaka sláturleyfishafa

Vinnuhópurinn lagði áherslu á að fá sem víðtækasta mynd á alla þætti framleiðslu og sölu kjötafurða nautgripa, allt frá framleiðanda til neytanda. Í því ljósi fékk hópurinn til sín eftirfarandi gesti:

- Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, fagstjóri í búfjárrækt hjá RML
- Karvel L. Karvelsson, framkvæmdastjóri RML
- Magnús Óli Ólafsson, forstjóri hjá Innes
- Ólafur Júlíusson, vörflokkastjóri hjá Krónunni

Einnig var rætt við eftirfarandi aðila:

- Ingibjörn Sigurbergsson, framkvæmdastjóri Ferskra kjötvara
- Þóroddur Sveinsson, tilraunastjóri og lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands

Starfsmaður vinnuhópsins var Margrét Gísladóttir. Hópurinn skilaði af sér drögum að stefnumótun til stjórnar LK sem samþykkt voru á aðalfundi LK, 6.-7. apríl 2018 og lögð fyrir haustfundi samtakanna í október 2018 til kynningar.



## Meginmarkmið

Samkvæmt stefnumótuninni er Landssambandi kúabænda falið að stefna að eftirfarandi meginmarkmiðum í nautakjötsframleiðslu á tímabilinu 2018-2028:

1. Það er eftirsóknarvert að starfa í nautakjötsframleiðslu, hvort sem er sem hliðargrein við mjólkurframleiðslu eða sem sjálfstæða atvinnugrein.
2. Greinin er arðbær, samkeppnishæf og tryggir neytendum aðgengi að fjölbreyttu úrvali af gæðavöru, framleiddri á Íslandi.
3. Heilbrigði búfjár og nytjaplantna er sem best verður á kosið.
4. Fjölbreytileiki hefur haldist í dreifingu, stærð og rekstrarformi bóa.
5. Á Íslandi er langstærstum hluta neyslu nautakjöts mætt með innlendri framleiðslu.
6. Vöruþróun og bætt framleiðsluferli hefur tryggt að allur skrokkurinn, hvort sem er fínni vöðvar, hakkefni eða hliðarafurðir nýtist sem best skildi og stendur neytendum til boða á sanngjörnu verði.
7. Nautakjötsframleiðendur taka fullan þátt í að uppfylla skuldbindingar íslenska ríkisins um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda, m.a. með kolefnisjöfnun.
8. Neytendur kjósa að versla íslenskt nautakjöt.

[Þessi átta meginmarkmið kjötframleiðslunnar hvíli á eftirfarandi:](#)

### Fræðsla

1. Fræðsluefni sem gagnast greininni verði gert aðgengilegt á vef samtakanna.
2. Kennsla við nautgriparækt og nautakjötsframleiðslu verði efl.
  - a. Útbúið verði nýtt og endurbætt námsefni um nautgriparækt.
  - b. Viðkomandi menntastofnunum verði tryggt fjármagn og aðstæður til að sinna kennslu í nautgriparækt af fagmennsku og metnaði bæði staðbundið, með fjarnámi og námskeiðum.
  - c. Listi af mögulegum námsverkefnum fyrir lokaverkefni sem koma greininni til góða verði gerður aðgengilegur á [naut.is](http://naut.is) og uppfærður reglulega.
3. Fræðsluefni um íslenskt nautakjöt í matreiðslunámi verði bætt.

### Ráðgjöf

1. Ráðgjöf til nautakjötsframleiðenda verði bætt.
  - a. Sérstakur ráðunautur verði í nautakjötsframleiðslu.
  - b. Aukið aðgengi að ráðgjöf varðandi beitartækni og fóðrun.
  - c. Komið verði á fót minni hópum bænda þar sem þeir bændur sem náð hafa árangri miðla þekkingu sinni áfram.
  - d. Aukið verði við fræðslu um eldi kálfa til að auka vaxtarhraða.
2. Komið verði á fót námskeiðum fyrir bændur til að lesa í mögulega EUROP flokkun lifandi gripa í samstarfi við afurðastöðvar og ráðgjafafyrirtæki á sviði landbúnaðar.
  - a. Haldnir verði kynningarfundir um EUROP flokkunarkerfið og hvernig skrokkar eru metnir með það að markmiði að auðvelda bændum að lesa í sína lifandi gripa.
  - b. Sýnt verði fram á ávinning og kostnað betri flokkunar skrokka.
3. Ráðgjöf verði aukin til bænda, hvort sem litið er til framleiðslu eða rekstrar.



- a. Unnin verði þarfagreining á ráðgjöf til bænda og fylgt eftir í samstarfi við ráðgjafafyrirtæki á sviði landbúnaðar.
- b. Tryggt verði að eftirspurn eftir fagþjónustu verði nýtt til að móta þjónustuna.

### Rannsóknir

1. Tryggt verði öflugt fagstarf í nautgriparækt og samræmd vinna stofnana á sviði rannsókna svo nýta megi rannsóknarfjármagn sem allra best.
2. Rannsóknarstarfsemin leitist við að gera íslenska nautakjötsframleiðslu samkeppnishæfa við það sem gerist í nágrannalöndunum með því að leggja áherslu á hagnýtar rannsóknir auk nýtingar á erlendri þekkingu.
3. Komið verði á sérstökum Vísindasjóði landbúnaðarins til þess að efla rannsókna- og þróunarstarf, auka virði afurða og búa til fleiri hvata fyrir nemendur til að afla sér framhaldsmenntunar á sviði landbúnaðar.
4. Fagráð nautgriparæktarinnar verði eflt og styrkt svo hægt sé að sinna faglegum málum greinarinnar sem best skildi.

### Framleiðsla

1. Langstærstum hluta af innanlandssölu nautakjöts verði fullnægt með íslensku nautakjöti.
2. Virði hliðarafurða verði aukið með sameiginlegu verkefni afurðastöðva og bænda.
  - a. Tækifæri, kostnaður og ávinningur verða kortlögð.
  - b. Vinnsla hliðarafurða verði sinnt miðlægt.
3. Hagkvæmni í framleiðslu nautakjöts hér á landi verði aukin með því að auka vaxtarhraða og kjötgæði með kostameiri gripum.
  - a. Nýtt erfðaeftni af holdanautakyni verði reglulega aðgengilegt fyrir bændur.
  - b. Hægt verði að notast eingöngu við sæðingar í stað fósturvísa á einangrunarstöðinni að Stóra-Ármóti.
  - c. Mótuð verði stefna um úthlutun gripa og sæðis frá einangrunarstöðinni að Stóra-Ármóti.
4. Framboð innan ársins verði í takt við eftirspurn hverju sinni.
  - a. Spálíkan í nautakjötsframleiðslu verði gefið reglulega út og aðgengilegt fyrir afurðastöðvar, bændur og ráðgjafþjónustu bænda.
  - b. Framleiðendur hafi möguleika á að skrá upplýsingar um gripi ætlaða til kjötframleiðslu í Huppu, t.d. áætlaðan sláturtíma gripa.
  - c. Upplýsingar um fjölda gripa á hverjum aldri verði hluti af afurðaskýrsluhaldi nautgriparæktarinnar sem RML gefur út.
  - d. Upplýsingamiðlun frá afurðastöðvum til framleiðenda um eftirspurn helstu kjötflokka og sveiflur innan árs verði aukin.
5. Hlutfall gripa sem flokkast í R flokk og yfir verði 15% fyrir árið 2028.
6. Hagræðing verði í slátrun og úrvinnslu nautakjöts.
7. Stefnt verði að 15% hærri meðalfallþunga fyrir árið 2028.
  - a. Innleiddir verði hvatar til gæðaframleiðslu í gegnum opinbera styrki og verðskrár sláturhúsa.
  - b. Aukið verði við fræðslu um eldi kálfa til að auka vaxtarhraða.



## Sala og markaðssetning

1. Sala og framleiðsla haldist í hendur og aukist í takt við framleiðslugetu. Innlend nautakjötsframleiðsla uppfylli þarfir innanlandsneyslu að stærstum hluta á hverjum tíma fyrir sig.
  - a. Stunduð verði markviss vöruþróun og markaðssetning til að mæta kröfum neytenda á hverjum tíma.
  - b. Aukið verði samtal milli framleiðenda, sláturleyfishafa, verslana og veitingahúsa og neytenda svo jafnvægi náist milli framboðs og eftirspurnar.
2. Mynduð verði tengsl bænda við matreiðslufólk, bæði starfandi og í námi.

## Neytendamál

1. Upplýsingar til neytenda verði með besta móti.
  - a. Allt nautakjöt, bæði innlent og innflutt verði upprunamerkt á auðsjáanlegan hátt.
  - b. Upprunamerking verði niður á framleiðendur á verðmætari vöðvum.
  - c. Upplýsingar um hvernig eftirliti með framleiðsluferlinu er háttáð verði kynntar fyrir neytendum.
  - d. Unnið verði að því að teknar verði upp upprunamerkingar í mötuneytum og á veitingastöðum.
2. Gæði, umhverfismál og velferð dýra verði grundvöllur vals neytenda á íslensku nautakjöti. Ásýnd og nærumhverfi býla verði sem best verður á kosið.
  - a. Tekin verði upp sérstök vottun framleiðenda nautakjöts sbr. Fyrirmyndarþú í mjólkurframleiðslu í samvinnu við afurðastöðvar.
3. Íslenskt nautakjöt verði þekkt sem hágæðavara, framleidd við bestu skilyrði.
  - a. Unnin verði greining á lagaumgjörð nautgriparæktar héraðs í samanburði við önnur lönd í heiminum. Umhverfisáhrif, dýravelferð, lyfjanotkun, launakjör, aðbúnaður, fóðrun o.fl.
  - b. Kortlagðar verði alþjóðlegar vottanir sem standa til boða fyrir íslenskt nautakjöt.
4. Fagmenn kjósi íslenskt nautakjöt á grunni gæða og rekjanleika
  - a. Samskipti framleiðenda við matreiðslufólk og kjötiðnaðarfólk verði aukið til að stuðla að framleiðslu í takt við væntingar markaðarins.

## Nýsköpun

1. Virði hliðarafurða verði aukið með sameiginlegu verkefni afurðastöðva og bænda.
2. Nýting hráefnis verði auðveldari fyrir neytendur.
  - a. Unnið verði með söluaðilum að því að kynna fyrir neytendum hvernig skal matreiða ákveðna hluta skrokksins.

## Starfsumhverfi

1. Íslenskir kúabændur standi að einu öflugum hagsmunagæslufélagi sem allir starfandi kúabændur taki þátt í.
  - a. Einfalt skilvirkt félagskerfi sem tryggir hámarksárangur með lágmarks tilkostnaði.
  - b. Tryggðir verði eðlilegir tekjustofnar til hagsmunagæslu.
2. Kröfur til innflutts nautakjöts séu þær sömu eða sambærilegar og gerðar eru til innlendar framleiðslu.
3. Horft verði til aukinnar hagræðingar í framleiðsluferlinu.
  - a. Bændum verði gert kleift að greina framleiðslukostnað á hvert kíló.
4. Bændur geti nýtt Huppu til skráninga í nautakjötsframleiðslu.



- a. Útbúið verði sérsvæði fyrir nautakjötsframleiðslu.
5. Staðið verði vörð um líffræðilegan fjölbreytileika landsins og heilbrigði búfjár og nytjaplantna.
  - a. Íslensk löggjöf tryggi áfram vernd heilsu manna og dýra með bestu mögulegu aðferðum til að vernda innlenda búfjárstofna, koma í veg fyrir fjölgun matarsýkinga og aukningu á sýkingum að vöðum sýklalyfjaónæmra baktería.

#### Umhverfismál

1. Íslensk nautgriparækt verði kolefnisjöfnuð fyrir árið 2028.
  - a. Unnin verði skýrsla um losun gróðurhúsalofttegunda í íslenskri nautgriparækt og aðgerðaáætlun í framhaldi.
  - b. Bændum verði gert kleift að reikna út kolefnisspor síns bús og halda kolefnisbókhald.
2. Áhersla verði á notkun innlendra aðfanga.
3. Þátttaka bænda í aukinni umhverfisvernd.
  - a. Sorpflokkun verði aukin.
  - b. Urðun sorps haldið í lágmarki.
  - c. Unninn verði leiðarvísir um notkun, umgengni og frágang á plasti.